

Miðvikudaginn 30. október 1991.

Nr. 420/1991. **Ákærvaldið**
 gegn
Steinari Þór Guðjónssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfisvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar 17. október 1991 lýsti lögmaður varnaraðila því yfir, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og krafa sín um niðurfellingu ökuleyfisviptingar til bráðabirgða tekin til greina. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Kæruheimild er í 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Varnaraðila er gefið að sök að hafa 28. janúar 1991 gerst sekur um ölvun við akstur. Vottorð um alkóhólákvörðun í blóði hans lá fyrir næsta dag. Lögreglustjórinn í Reykjavík svipti hann ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun 7. ágúst 1991, sem birt var varnaraðila 20. sama mánaðar. Lögmaður varnaraðila hefur í greinargerð sinni til Hæstaréttar lýst því, að bráðabirgðasviptingunni hafi verið frestað frá 7. til 20. ágúst að beiðni varnaraðila, á meðan hann hafi verið að gera ráðstafanir varðandi leigubifreið sína. Af hálfu ákærvalds hafa engar skýringar komið fram á því, hvers vegna varnaraðili hafi ekki verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, fyrr en raun varð á.

Bráðabirgðasvipting ökuréttinda samkvæmt 103. gr. umferðarlaga er í eðli sínu varúðarráðstöfun, sem lögreglustjóri getur gripið til, þegar er hann fær ástæðu til að ætla, að skilyrði til sviptingar séu fyrir hendi, sbr. 1. mgr. 101. gr. sömu laga. Það er því úr tengslum við þau réttarvörsluslúsjónarmið, er framangreind ákvæði umferðarlaganna byggjast á, að lögreglustjóri beiti bráðabirgðasviptingu ökuleyfis tæpum sjö mánuðum eftir, að skilyrði sköpuðust til hennar, eins og hér gerðist. Því verður að telja, að ákvörðun um ökuleyfisviptingu hefði átt að bíða dómsúrlausnar í máli varnar-

aðila, úr því sem komið var. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfissviptingu lögreglustjórans í Reykjavík frá 7. ágúst 1991.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Felld er úr gildi sú bráðabirgðasvipting ökuleyfis, sem varnaraðila, Steinari Þór Guðjónssyni, var gert að sæta með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 7. ágúst 1991.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 17. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Steinar Þór Guðjónsson, kt. 200555-5549, Vegghömrur 31, Reykjavík, hefur krafist þess, að felld verði úr gildi bráðabirgðaökuleyfissvipting, sem honum var birt 20. ágúst sl.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt mánudags 28. janúar sl. stöðvaði lögreglan í Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-26071 á mótum Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ökumanni bifreiðarinnar, kærða í máli þessu, virtist þeim hann áberandi ölvaður. Var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, þar sem kærði viðurkenndi akstur bifreiðarinnar, en neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við hann. Að svo búnu var kærði færður á slysa-deild Borgarspítalans og honum tekið blóðsýni kl. 1.15. Reyndust í því 2,73‰ alkóhóls.

Í skýrslu varðstjóra er umsögn hans á þá leið, að jafnvægi kærða hafi verið óstöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Í skýrslu, sem kærði gaf hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 12. febrúar sl., skýrði kærði svo frá, að fyrrnefnt kvöld hefði hann verið við áfengisneyslu í Bjórhöllinni. Hefði hann drukkið töluvert mikið og orðið nokkuð ölvaður. Ekki hefði komið til, að hann hefði farið að aka bifreið í því ástandi, sem hann var í, nema vegna skertrar dómgreindar sökum áfengisneyslunnar.

Á dómþingi í dag var kærða boðið að ljúka málinu með dómsátt, er fælist í greiðslu hæfilegrar sektar auk sakarkostnaðar og sviptingu ökuréttinda í tólf mánuði frá 20. ágúst sl. að telja, en þann dag var kærði sviptur

ökuréttindum til bráðabirgða. Kærði hafnaði sáttarboðinu. Kvaðst hann telja, að blóðsýnið hefði misfarist í meðferð eða skráningu, því að ekki kæmi til greina, að 2,73‰ alkólhóls hefðu mælst í blóði sínu greint sinn.

Kærði kvaðst hafa verið við áfengisneyslu í Bjórhöllinni í u.þ.b. 1½-2 klst., áður en lögreglun hafði afskipti af honum. Fyrst hefði hann drukkið sem svaraði einu glasi af Martini, en því næst einfaldan vodka, blandaðan í gosdrykk, án þess þó að geta tilgreint magn í því sambandi.

Kærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar. Hefði sér því komið á óvart, hve mikið vinandamagn hefði mælst í blóði sínu. Fengi það ekki staðist miðað við, að þá hefði útlit sitt og önnur einkenni átt að vera á allt annan veg en fram kæmi í skýrslu varðstjóra.

Samkvæmt 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, skal stjórnandi vélknúins ökutækis, sem brotið hefur gegn 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sviptur ökuréttindum. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um, að ökuleyfis-svipting fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., skuli eigi vera skemmri en eitt ár. Í 103. gr. laganna segir, að telji lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, skuli hann svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða, svo fljótt sem unnt er.

Í máli þessu liggur fyrir játning kærða um akstur bifreiðarinnar R-26071, svo sem að framan er lýst, að undangenginni neyslu áfengis. Hann hefur hins vegar neitað því að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og telur jafnframt, að mistök hafi orðið við meðferð eða skráningu blóðsýnis. Fyrir liggur í málinu, að kærði starfaði sem leigubifreiðarstjóri. Hefur hann tjáð dómaranum, að vegna beiðni sinnar hafi því verið frestað að svipta sig öku-réttindum til bráðabirgða, þar til sér hentaði.

Þegar framanritað er virt, lítur dómariinn svo á, að ekkert það sé fram komið í málinu, sem gefi ástæðu til að ætla, að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík hafi verið röng. Ber því samkvæmt framansögðu að hafna kröfu kærða um, að bráðabirgðaökuleyfis-svipting honum til handa verði felld úr gildi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Steinars Þórs Guðjónssonar, kt. 200555-5549, um niðurfell-ingu sviptingar ökuleyfis til bráðabirgða er hafnað.